

ar og birtingar, að konunglegt leyfi þarf til þess, að slík prestvígsla megi fram fara, og að ráðgjafinn er fús á, ef eitthvert prestsefni skyldi sækja um það, að útvega slíkt leyfi, og mun þar við verða bætt því skilyrði, að hlutaðeigandi áður en vígslan fer fram, skuldbindi sig til sem prestur að hegða sjer eptir hinum gildandi kirkjusiðum þjóðkirkjunnar og að hann lúti yfirráðum biskupsins á Íslandi.

49

20. febr.

— *Brjef landshöfðingja til yfirskattaneðndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um tekjuskatt stórkaupmanns.* — Með brjefi 7. p. m. hefir yfirskattaneðndin skýrt frá því, að skattaneðndirnar í Staðastaðar og Helgafells sveitum hafi vegna ókunnugleika ekki treyst sjer til, að ákveða tekjur þær, er Hans A. Clausen stórkaupmaður hafi haft af verzlunum sínum á Búðum og Stykkishólmi, en verzlunarstjórnir á þessum stöðum hafi engar sannanir nje skírteini viljað leggja fram um þetta, og að eins lýst yfir því, að húsbóndi þeirra «hafi í fyrri haft töluverðan skaða á öllum verzlunum sínum hjer á landi, þó hann gefi það eptir að fram telja 1000 krónur af Búðum».

50

20. marz.

Yfirskattaneðndin hefir því síður getað unað við þessi málalok, sem aðgjörðaleysi í þessum efnum myndi gjöra skattskyldu kaupmanna þýðingarlausu, og álitur neðndin, að þegar eins stendur á og hjer, verði skattaneðnd sú, sem hlut á að máli, skylduð til að kveða á um tekjur kaupmannsins og fái eigi þar í móti við brugðið fákunnáttu nje vantrausti á sjálfri sjer; en verði þessu eigi við komið, að yfirskattaneðndinni sje þá heimilt bæði og skylt að kveða sjálfri á hjer um.

Fyrir því vil jeg tjá yfirskattaneðndinni til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fellst á það, sem þannig hefir verið tekið fram, sbr. brjef mitt frá 3. f. m. til sýslumannsins í Dalasýslu (stjórnartíð. B, 22.).

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um húsaskatt jarðeiganda.* — Í brjefi frá 15. p. m. hafið þjer, herra sýslumaður skýrt frá því, að umboðsmaður Árni Ó. Thorlacius bafi færzt undan að borga húsaskatt af fasteign sinni á Stykkishólms verzlunarstað, af því að hann eigi jörð þá, er land hefir verið tekið frá undir kaupstaðinn, búi á henni, og hafi byggt upp timburhús það, sem hann nú er í, í stað torfbæjar þess, er áður var á jörðunni, og til þess að nota það við ábúð jarðarinnar. Jafnframt því látið þjer í ljósi það álit, að undanfærzla þessi komi í bága við lög 14. desember 1877 um húsaskatt, því enginn vafi geti verið um, að áminnzt húseign sje innan takmarka verzlunarstaðarins, en þá sje hún líka þar með skattskyld, þótt hún sje notuð við ábúð jarðar og þó eigandi hennar sje meðfram eigandi að kaupstaðarlóðinni.

51

20. marz.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður alveg samdóma um það, er þjer þannig hafið tekið fram.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skattgreiðslu í landaurum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

52

12. apríl.